

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/837****2018/EES/42/10****frá 17. maí 2017**

**um leiðréttingu á pólsku og sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í pólsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 <sup>(2)</sup> er villa í a-lið liðar 11.4.3 í viðaukanum að því er varðar skrá yfir þá hæfni þar sem krafist er reglubundinnar þjálfunar með ákveðnu millibili.
- 2) Í sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 eru villur í viðaukanum, nánar tiltekið í liðum 8.1.1.2 og 9.1.1.3 að því er varðar kröfu um að skimað sé aftur, í lið 8.3.1 að því er varðar kröfu um afhendingarmáta hlutar, í fyrstu málsgrein b-liðar liðar 9.1.3.5 að því er varðar gildissvið fullgildingaraðferðarinnar, í lið 9.3.1 að því er varðar kröfu um afhendingarmáta hlutar og í inngangsorðum liðar 11.2.3.1 að því er varðar þá einstaklinga sem falla undir þjálfunarskyldu.
- 3) Því ætti að leiðrétta pólsku og sænsku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um ensku útgáfuna).*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bírur birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtið. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---